

- Gott er að nota sérstaka sýnatökuskeið, sem hægt er að fá senda frá Keldum.
  - Afhausið gripinn við banakringlu (efsta hálslið).
  - Leggið hausinn á hvolf og farið með sýnatökuskeið eða löngum hníf meðfram mænukylfu (efsti hluti mænunnar) til að losa um.
  - Með sýnatökuskeið eða venjulegri skeið, er 7-8 cm bútur tekinn úr mænukylfu.
- Látið sýnið í sýnaglas eða hreinan plastpoka ásamt eyrnamerkinu og lokið vel. Ef ekkert eyrnamerki er með sýni, þá þarf að skrifa bæjarnúmerið og númer dýrs á lokið á glasinu eða á pokann. Sýnið verður að vera rekjanlegt til upprunabæjar og dýrs.
- Ef um fleiri gripi frá sama bæ er að ræða, safnið þá öllum sýnaglösom/pokum í plastpoka, lokið honum tryggilega, setjið síðan annan glæran plastpoka utan yfir og ofan í hann miða með upplýsingum um búið og fjölda sýna, sjá rannsóknarbeiðni.
- Setjið sýnin síðan í kassa ásamt kælieiningu og sendið eins fljótt og kostur er. Frystið sýnin ef þau eru ekki send strax.
- Merkið kassann með eftirfarandi hætti:

Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum, Keldnavegi 3  
112 Reykjavík

Kælivara v/riðuskimunar
- Fyllið út rannsóknarbeiðni og límið utan á kassann. Eyðublaðið er að finna á heimasíðu Keldna:  
[http://keldur.is/eydublod\\_og\\_rannsoknarbeidnir](http://keldur.is/eydublod_og_rannsoknarbeidnir)